

1871.

4. marz.

sagnarumdæmunum. Því skal við bætt, að kostnaðinn við útskrift-
irnar af veðsetningabókunum má greiða af jafnaðarsjóði amtsins.

4. marz.

23. Tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunn-
ugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors
trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt,
til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi,
m. fl., bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Í kaupstaðnum Reykjavík skal byggja hegningarhús; í því
skulu útteknar vinnuhegningar þær, sem menn eru dæmdir í fyrir
afbrot, sem mál er höfðað útaf á Íslandi.

2. grein.

Til þess að framkvæma fangelsishegningar skal fyrst um sinn
byggja sjö fangelsi, sumsè eitt í sameiningu við hegningarhúsið
handa Reykjavík og nokkrum hluta suðuramtsins, og sitt á hverjum
stað, á Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík
og Eskifirði. Það skal falið á hendur stiptamtmani, að setja
hinar nákvæmari reglur fyrir því, úr hverjum þinghám skuli setja
dæmda afbrota-menn í hvert einstakt fangelsi. Þar að anki skulu
fangelsin vera varðhaldsfangelsi fyrir þá þinghá, þar sem hvert
einstakt fangelsi er, og, ef stiptamtmaður segir svo fyrir, þá einnig
fyrir þá eða þær þinghár, sem næstar eru.

3. grein.

Verði það í fleiri þinghám, en nú er, gjört sýslumönnum að
skyldu að hafa bólfestu á tilteknum stað innan sýslu, skal dóms-
málastjórninni heimilt, að láta byggja fleiri fangelsi, þar sem
sérstaklega er þörf á því, og skal þá byggja fangelsið á heimili
þess sýslumanns, sem í hlut á.

4. grein.

1871.

4. marz.

Kostnaðurinn til þess að byggja hegningarhúsið í Reykjavík og halda því við, skal goldinn fyrst um sinn úr dómsmálasjóðnum íslenska; má til þessa á kostnað hans taka til láns fæ það, sem með þarf, eptir því sem dómsmálastjórnin ákveður nákvæmar. Til byggingar og viðhalds á húsi því, sem, eins og áður er sagt, á að vera bæði hegningarhús og fangelsi handa Reykjavíkur kaupstað og ýmsum sýslum í suðuramtinu, greiðir tæður kaupstaður og jafnaðarsjóður suðuramtsins fyrir sýslurnar tillag. Þegar fengnar eru skýrslur þær, sem með þarf, frá yfiröldunum þar á staðnum, ákveður dómsmálastjórnin upphæð tillags þessa að tiltölu við stærð þeirra húsrúma, sem þinghám Reykjavíkur og sýslanna eru ætluð í húsinu.

5. grein.

Kostnaðurinn til byggingar og viðhalds á húsum þeim, sem einasta eiga að vera fangelsi, skal goldinn úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á; til þessa skal á kostnað hans taka fæ að láni, eptir því sem dómsmálastjórnin ákveður nákvæmar.

6. grein.

Kostnaðurinn til notkunar hegningarhússins sem hegningarhús skal goldinn úr sjóði þeim, sem tekjur Íslands renna í, en kostnaðurinn til notkunar fangelsanna skal greiddur úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á, og að því er Reykjavík snertir af kaupstaðnum.

7. grein.

Bæjarfógetinn í Reykjavík skal hafa á hendi stjórn yfir hegningarhúsinu og fangelsinu, sem er í sambandi við það, en stiptamtmaður yfirumsjónina. Við það skal setja fangavörð, er fái laun fyrst um sinn úr dómsmálasjóðnum. Hinum fangelsunum skal bæjarfógeti eða sýslumaður sá, sem í hlut á, stjórna með yfirtilsjón amtmanns, og skal hann sjá um og hafa ábyrgð á gæzlu og viðurværi fanganna.

1871.

4. marz.

8. grein.

Dómsmálastjórnin skal setja nákvæmari reglur viðvíkjandi fyrirkomulagi og byggingu hegningarhússins og fangelsanna. Dómsmálastjórnin sér einnig um, að út verði gefnar þær reglugjörðir, sem með þarf handa þeim.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.¹

Samkvæmt ósk þeirri, sem alþing hefir borið upp í þegnlegu álitsskjali 9. ágúst 1867², um frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi, um, að lagt verði fyrir næsta alþing frumvarp um byggingu fangelsa á Íslandi, lét stjórnin semja frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl. Þetta frumvarp var lagt fyrir alþing 1869, sem ræddi frumvarpið á lögskipaðan hátt, og lét síðan uppi álit sitt um málið. Þingið féllst að öllu leyti á aðalaugnamið frumvarpsins, að fá því til leiðar komið með því, að byggja hegningarhús og fangelsi á Íslandi, að hýðing yrði aftekin sem straff á fullorðnum mönnum, og áleit, að ákvarðanir frumvarpsins væri vel fallnar til að koma þessu augnamiði fram; um eitt mjög verulegt atriði hefir alþing samt stungið uppá þeirri breytingu á frumvarpinu, sem hér skal getið.

Þó alþingi yrði að játa, að það væri mjög æskilegt, að fangelsi kæmist á í hverri sýslu, gat það samt ekki fallið á það, sem fyrir er mælt í 2. gr. frumvarpsins, að byggja skuli fangelsi í hverri sýslu, bæði af því, að þessi ráðstöfun er mjög kostnaðarsöm og svo einkum af því, að ekki hafa allir sýslumenn fast ákveðna bústaði í sýslunni, en þar sem svo er ætti að setja fangelsin að áliti alþingis, eins og einnig til er ætlað í frumvarpinu; þar sem svo er fyrir mælt í frumvarpinu, að það verði eptirleidis gjört að skilyrði fyrir því, að sýslumanni verði leyft að taka sér bólfestu annarstaðar í sýslunni, en þar sem sýslufangelsið verður byggt, að hann greiði allt að helmingi af kostnaðinum, er gengur til að

¹) Tíðindi frá alþingi 1869, I., 27, 29, 185—193, 252—259 og 390; II., 49—57, 153—156, 171—174 og 223—227.

²) Tíðindi frá alþingi, 1867, II., 598.

1871.

4. marz.

flytja fangelsið, þá virtist alþingi þessi ákvörðun ósanngjörn, þegar svo stæði á, að sýslumaður gæti ekki fengið sér bústað, þar sem fangelsið væri. Alþing hefir því stungið uppá þeirri breytingu, að fyrst um sinn verði einungis byggð fangelsi í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem bústaðir sýslumanna eru fast ákveðnir, en það er í þeim kaupstöðum, sem útlend skip eiga fyrst að koma við á eftir lögum 15. apríl 1854, og þar að auki á verzlunarstaðnum Húsavík í Þingeyjarsýslu. Ætti þá að nota hvert af þessum fangelsum fyrir straff-fangelsi, ekki einungis handa sýslum þeim og kaupstöðum, þar sem fangelsin eru, heldur og handa hinum öðrum lögsagnarumdæmum, þar sem engin fangelsi eru; með þessari tilhögun fengist og varðhaldsfangelsi á þeim stöðum, þar sem að líkindum væri mest þörf á þeim. Ef svo reynslan sýndi, að fangelsi þessi yrði ónóg, eða örðugleikinn við að flytja til þeirra afbrotamenn yrði tilfinnanlegur, skyldi byggja fangelsi þar, sem nauðsynlegast þætti, en jafnframt yrði þá að ákveða hlutadeigandi sýslumönnum fasta bústaði, og mætti þá gjöra það með því, að fá þeim þjóðjarðir til ábúðar. Alþingi fannst helzt þörf á, að koma upp fangelsi í Skaptafellssýslu í suðurumdæminu og í Húnavatnssýslu í norður- og austurumdæminu, og mundi það eigi erfitt að fá þegar fast ákveðið sýslumanns-setur í Skaptafellssýslu að Kirkjubæjarklaustri, þar sem sýslumaðurinn, sem nú er, býr, og liggur þessi jörð haganlega fyrir sýslubúa. Eftir þessu varð að breyta 2. og 3. gr. frumvarpsins, en að öðru leyti fann alþing ekki ástæðu til að stinga uppá öðrum breytingum, en þeirri, að í 5. gr. sè sett orðið »fangelsi« í staðinn fyrir »sýslufangelsi«, þar sem fangelsin að minnsta kosti fyrst um sinn ætti að vera fyrir stærra hérað en eina sýslu. Með þessum breytingum yrði þá 2. og 3. grein frumvarpsins á þessa leið;

2. gr.

»Í sameiningu við hegningarhúsið skal byggja fangelsi handa Reykjavíkur kaupstað og Gullbringusýslu. Sömuleiðis skal byggja fangelsi á Ísafirði og í Stykkishólmi í vesturumdæminu, á Akureyri, í Húsavík og á Eskifirði í norður- og austurumdæminu, og á Vestmannaeyjum í suðurumdæminu.

1871.

4. marz.

Í fangelsum þessum skulu útteknar fangelsishegningar þær, sem menn eru dæmdir í fyrir afbrot, sem mál er höfðað útaf á Íslandi. Hlutadeigandi amtnaður ákveður, úr hverjum lögsagnarumdæmum menn skuli úttaka hegningu í hverju af fangelsum þessum fyrir sig.

Fangelsin skulu og höfð fyrir varðhaldsfangelsi handa lögsagnarumdæmum þeim, er þau liggja í.

3. gr.

„Nú verða bústaðir sýslumanna fast ákveðnir í fleiri sýslum, en nú er, og skal þá þar byggja fangelsi á sýslumanns-setrunum.“

Konungsfulltrúi hefir fallið á breytingar þessar, og jafnframt lagt það til, að einnig verði byggt fangelsi í Skaptafellssýslu og Húnavatnssýslu, en þetta atriði var ekki í breytingu alþingis á frumvarpinu.

Stjórnin varð fyrir sitt leyti að adhyllast breytingar þær, sem alþingi hafði stungið uppá. Upphaflega var aðeins ætlað til að setja eitt fangelsi fyrir hvert amt, og þarsem frumvarp stjórnarinnar fór fram á, að byggja skyldi sýslufangelsi, þá kom þetta til af því, að alþing hafði getið þess í álitsskjali sínu í hegningarlagamálinu,¹ að það álitu hentugra, að í hverri sýslu yrði komið upp fangelsi; stjórninni fannst uppástunga alþingis fara hæfilegan meðalveg í þessu atriði, en af því að þörf verður á að gjöra þau fangelsi rúmlegri, sem verða byggð fyrst, sökum þess, að þau eru ætluð fleiri sýslum en einni, og meiri kostnaður mun rísa hér af, þótti réttara, að hafa 3. grein nokkuð öðruvísi, en alþing hafði stungið upp á, og láta það nægja, að veita dómsmálastjórninni heimild til, að láta byggja fleiri fangelsi, þar sem sérstaklega er þörf á því. Þar sem alþing hafði stungið uppá, að amtmennirnir skyldu ákveða, úr hverjum lögsagnarumdæmum menn skuli úttaka hegninguna í hverju af fangelsum þeim, sem byggja á, fyrir sig, fannst stjórninni réttara, að leggja þetta vald í hendur stiptamtanni, og skal hann þá einnig segja fyrir um, hvort

¹) Tíðindi frá alþingi, 1867, II., 604.

fangelsið skuli vera varðhaldsfangelsi fyrir önnur lögsagnarumdæmi, en það, þar sem fangelsið er.

1871.
4. marz.

Sökum þess, að ekki verður búið við því fyrst um sinn, að komið verði upp fangelsum annarstaðar í suðurumdæminu, en í Reykjavík og Vestmannaeyjum, gat stjórnin ekki fallið á þá uppástungu, að fangelsið í Reykjavík skuli aðeins ætlað sjálfum kaupstaðnum og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og var því breyting gjörð á þá leið, að fangelsið skuli einnig ætlað nokkrum hluta suðuramtsins.

Af þeirri sök, að það kann síðar meir að þykja hagfellt, að steypa dómsmálasjóðnum saman við landssjóðinn, fannst stjórninni það varlegast, að bæta við orðunum »fyrst um sinn«, þar sem svo er fyrir mælt í 4. og 7. gr., að greiða skuli kostnaðinn til þess að bygga hegningarhúsið í Reykjavík og halda því við, og launin handa fangaverðinum úr dómsmálasjóðnum.

Að endingu skal þess getið, að ástæða þótti vera til að taka það beinlínis fram, að bæjarfógetinn í Reykjavík skuli hafa á hendi stjórn yfir hegningarhúsinu og fangelsinu, sem er í sambandi við það, en stiptamtmaður yfirumsjónina, og amtmennirnir yfirumsjón yfir fangelsunum í hinum ömtunum, og að dómsmálastjórnin skuli setja nákvæmari reglur viðvíkjandi fyrirkomulagi og byggingu hegningarhússins og fangelsanna.

24. Tilskipun, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku).

4. marz.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúá alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: